

**Akureyrarbær kt. 410169-6229, og Skátafélagið Klakkur kt. 410169-6229,
gera með sér svofelldan**

SAMNING

um þátt skátafélagsins í hátíðahöldunum á Þjóðhátíðardaginn 17. júní á árunum 2019-2021:

1. gr.

Akureyrarstofa sér um skipulag hátíðarhaldanna á 17. júní frá setningu í Lystigarðinum að lokum á Ráðhústorgi að kvöldi. Dagskráin samanstendur af þremur meginhlutum

- a. Setning í Lystigarðinum með ávörpum, hugvekju, tónlistarflutningi, fánahyllingu og skrúðgöngu úr garðinum á Ráðhústorg.
- b. Skemmtidagskrá á Ráðhústorgi - fyrri hluti frá kl. 14-17. Helstu atriði: Ávarp fjallkonu og nýstúdens, fjölbreytt skemmtiatriði á sviði sem á sérstaklega henta yngri kynslóðinni, skátatívoli og önnur afþreying. Þau atriði sem skipulögð og greidd eru af Akureyrarbæ sem skulu vera án endurgjalds fyrir þátttakendur. Sjá nánar um sölutjöld á annarra vegum hér að neðan.
- c. Skemmtidagskrá á Ráðhústorgi seinni hluti frá kl. 21-24. Helstu atriði: Skemmtidagskrá á sviði sem miðuð er fyrst og fremst að ungmennum og eldri kynslóðum, marsering nýstúdentna frá Menntaskólanum á Akureyri um kl. 23.30.

2. gr.

Þættir Skátafélagsins Klakks í dagskránni:

- Fánahylling í Lystigarði í samráði við verkefnastjóra frá Akureyrarstofu
- Skrúðganga frá Lystigarði á Ráðhústorg í samráði við verkefnisstjóra frá Akureyrarstofu
- Skátatívoli, með básum fyrir skemmtilega afþreyingu ætlaða yngri börnum auk afþreyingar sem ætluð er eldri börnum s.s. kassaklifur, zip-línur eða þess háttar. Afþreying samkvæmt þessum lið skal í boði a.m.k. jafn lengi og fyrri hluti skemmtidagskrár á sviði.
- Umsjón með götusölu á hátíðarsvæðinu í miðbænum í samráði við verkefnastjóra frá Akureyrarstofu og skipulagssvið Akureyrarbæjar. Aðrir aðilar sem sækjast eftir að setja upp tímabundin sölutjöld eða vagna þurfa að leita til skátanna um leyfi til slíks sbr. 3. gr..

Skátafélagið ber ábyrgð á allri framkvæmd þeirra þátta sem hér er getið um, uppsetningu, framkvæmd og frágangi.

3. gr.

Samkvæmt reglum Akureyrarbæjar um útimarkaði og sölutjöld getur Akureyrarbær tekið frá einstaka eða alla sölureiti ef sérstakir viðburðir gera það nauðsynlegt s.s. vegna Þjóðhátíðar og er það auglýst sérstaklega af skipulagssviði Akureyrarbæjar. Skátafélagið Klakkur fer með götu- og torgsölu á miðbæjarsvæðinu á 17. júní á gildistíma samningsins. Gildir það frá kl. 9 að morgni til miðnættis. Miðbæjarsvæðið er nánar skilgreint á korti sem er fylgiskjal með samningi þessum. Það er undir skátafélaginu komið hvort það annast alla sölu sjálf eða heimilar öðrum aðilum sölu á miðbæjarsvæðinu á þessum tíma.

4. gr.

Akureyrarstofa greiðir 980 þús. kr. til Skátafélagsins Klakks á árinu 2019, 1.040 þús. á árinu 2020 og 1.080 þús. á árinu 2021, vegna þeirra þátttöku í hátíðarhöldunum. Fjárveitingar eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði til verkefnisins við fjárhagsáætlunargerð ár hvert.

Að viðburði loknum mun Skátafélagið skila til Akureyrarstofu greinargerð um framkvæmdina þar sem fram kemur hvernig útgjöld skiptust og hvað kom í hlut félagsins í fjáröflunarskyni og hvað fór til annarra aðila.

5. gr.

Útborgun á framlögum Akureyrarbæjar sbr. 4. gr. verða tvær jafnar greiðslur, byrjun júní og að loknum hátíðarhöldum. Senda þarf reikninga fyrir þessum greiðslum.

6. gr.

Á gildistíma samningsins er hvorum samningsaðila heimilt að segja upp samningnum með 6 mánaða fyrirvara. Uppsagnarfræstur hefst við dagsetningu tilkynningar um uppsögn.

Heimilt er að segja upp samningi vegna verulegra vanefnda gagnaðila. Áður en til uppsagnar getur komið skal sá samningsaðili sem telur að gagnaðili hafi vanefnt samningsskyldur sínar senda gagnaðila áskorun um úrbætur þeirra vanefnda sem um er að ræða. Gefinn skal sanngjarn frestur til úrbóta, en sá frestur skal aldrei vera lengri en 14 dagar. Hafi úrbætur ekki verið framkvæmdar innan tilskilins frests getur samningsaðili lýst yfir uppsögn samnings með þriggja mánaða fyrirvara án frekari fyrirvara eða aðvörunar.

Allar tilkynningar sem að þessum atriðum lúta skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

Ef ágreiningur kemur upp milli samningsaðila skulu þeir leita sátta sín á milli.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd samnings á samningstímanum skal hvor aðili tilnefna einn aðila og skulu þeir tveir leitast við að leysa úr ágreiningnum. Reynist nauðsynlegt að höfða mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

7. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki.

Akureyri xx. desember 2019

f.h. Akureyrarstofu

f.h. Skátafélagsins Klakks

Þórgnýr Dýrfjörð, deildarstjóri

Jóhann Malmquist, félagsforingi

Vottar: _____
